

L Ö G

um

27

4. júní

breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

a-liður 3. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, orðist þannig: Rjúpur skulu al-friðaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október ár hvert.

Nú fækkar rjúpunni svo, að ástæða þykir til þess að friða hana alt árið, og er þá ríkisstjórninni heimilt að skipa svo fyrir með reglugerð um eitt ár í senn.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu, sem veidd er á friðunartíma, skal sá, er brotlegur verður, sæta 10 kr. sekt, og tvöfaldast sektin við ítrekan brotsins. Sömu sekt skal og hver sá maður sæta, er selur eða kaupir, gefur eða þiggur að gjöf rjúpu, sem svo er ástatt um, enda sje honum kunnugt, að svo hafi verið.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 27. júní 1921.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1924.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.